



Kennslu- og áfangamat
Haustönn 2020

Inngangur


Árið 2020 er um margt ólíkt öðrum í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Þetta er árið sem Covid19 veiran hefur herjað á heimsbyggðina og haft áhrif á flesta þætti í daglegu lífi fólks, skólastarf eins og annað. Af þeim sökum fluttist nær allt skólastarfið á miðri vorönn úr skólabyggingunni og eftir það fór kennslan að mestu leyti fram í gegnum tölvu. Ýmist var kennt í rauntíma og þá notuð mismunandi fundaforrit eða með verkefnum og fyrirlestrum sem kennarar miðluðu í gegnum kennisuumhverfið Moodle sem skólinn hefur lengi notað, bæði í dagskóla- og fjarkennslu. Ákveðið var að fella niður kennslu- og áfangamat á vorönn þar sem álag á nemendum var nóg fyrir þó ekki væri verið að bæta á þau verkefnum kennslumati.

Haustönnin 2020 hófst í skólanum með eðlilegum hætti. Nemendur mættu til starfa í síðustu viku í ágúst og kennsla var staðbundin fram til 20. september þegar faraldurinn tók stökk upp á við og framhaldsskólabyggingum landsins var lokað að mestu. Nú var skólinn þó betur undirbúinn en á vorönn og strax var ákveðið var að öll kennsla skyldi halda áfram í rauntíma og notast við fundaforritið Teams. Starfsfólk tölvudeildar skólans skipulagði og bjó til hópa samkvæmt stundastöflum og tengdi saman Moodle og Teams þannig að vandræðalaust væri fyrir nemendur og kennara að fara á milli eftir þörfum.

Kennslumat var síðan skipulagt og framkvæmt á svipaðan hátt og áður. Í þetta skipti var þó spurningum aðeins breytt; þrjár spurningar um aðbúnað og mætingu voru teknar út en í staðinn settar spurningar um áfangann og yfirfærslu hans í Teams. Listi með áföngum í mat var sendur á deildar- og kennslustjóra sem komu með örfáar athugasemdir sem tekið var tillit til áður en matið var opnað. Eins og fyrr var leitast við að meta áfanga sem ekki voru metnir síðast en til viðbótar var þess gætt að þessu sinni að allar námsgreinar ættu fulltrúa í matinu. Það var gert til reyna að fræðast um hvort betur gengi að kenna sumar greinar en aðrar í gegnum tölvu.

Að þessu sinni voru metnir 72 áfangar og alls 123 hópar og flest hefðu svörin geta orðið 2121. Svörun var þó ekki svo mikil heldur fengust alls 837 svör sem er 39,5% þátttaka. Það er vissulega minni þátttaka en oft áður því síðustu annir höfum við stefnt að og náð um 50% þátttöku. En að þessu sinni voru nemendur heima við tölvurnar og því erfitt fyrir kennara að fylgja því eftir að þeir svöruðu matinu, ólíkt því þegar hægt er að gera hlé á kennslustund og biðja nemendur um að svara. Vonandi tekst okkur að hækka prósentuna aftur þegar ástand verður eðlilegt á ný.

Hér má sjá þátttökuna síðastliðnar annir. Hún sveiflast eins og sjá má en niðursveiflan núna er vonandi tímabundin.




Hér sést síðan hvaða áfangar voru metnir

BÓKF1IB05	HAGF3FR05	KVMG1ST05	SIÐF2SF05
DANS1UN05	HBFR1HH05	LAND2AU05	SJÚK2MS05
DANS2RM05	HEIM2IH05	LÍFF2LE05	SPÆN1AF05
EÐLI2GR05	HJÚK1AG05	LÍOL2IL05	SPÆN1AU05
EFNA2AM05	HJÚK3FG05	LÖGF2LÖ05	SPÆN2ME05
ENSK1GR05	HJVG1VG05	MARÉ2MR05	STÆR1GR05
ENSK2EH05	ÍSAN2BS05	MYNL1MG05	STÆR2AM05
ENSK3RI05	ÍSAN3NB05	MYNL2TA05	STÆR3FD05
ENSK3RO05	ÍSLE1GR05	NÝSK2HH05	STÆR3RH05
ENSK3SA05	ÍSLE2GM05	RAUN1LE05	STÆR3TL05
FÉLA2KE05	ÍSLE2MR05	SAGA2LS05	SÝKL2SS05
FÉLA3ÞR05	ÍSLE3NB05	SAGA2NS05	TÓNS1TS03
FÉLM2FF05	ÍSTA1AG05	SAGA3MM05	TÖLE3LG05
FÉLV1IF05	ÍÞRF2ÞJ05	SÁLF1SD05	TÖLV1FG05
FJMÁ2FF05	ÍÞRÓ1GH03	SÁLF2AA05	UMHV1SJ05
FJÖL1FS05	JARÐ2JÍ05	SÁLF2UM05	UPPÆ1SR05
FORM2MF05	JARÐ2SF05	SÁLF3AB05	ÞÝSK1AG05
HAGF2AÞ05	KVIK2HS05	SÁLF3ÞS05	ÞÝSK1AU05


Niðurstöður

Hér á eftir fer myndræn framsetning á heildarniðurstöðum spurninganna fyrir allan skólann. Kennurum hefur verið veittur aðgangur að eigin niðurstöðum sem og skólastjórnendum. Spurningarnar hér eru í sömu röð og þær birtust nemendum.


Þessi áfangi er vel skipulagður		
Mjög sammála	385	46%
Frekar sammála	349	42%
Frekar ósammála	59	7%
Mjög ósammála	31	4%
Á ekki við/veit ekki	12	1%




Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar.		
Mjög sammála	398	48%
Frekar sammála	327	39%
Frekar ósammála	62	7%
Mjög ósammála	31	4%
Á ekki við/veit ekki	17	2%




Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.		
Mjög sammála	271	33%
Frekar sammála	412	50%
Frekar ósammála	91	11%
Mjög ósammála	33	4%
Á ekki við/veit ekki	25	3%




Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr.		
Mjög sammála	496	57%
Frekar sammála	275	32%
Frekar ósammála	58	7%
Mjög ósammála	27	3%
Á ekki við/veit ekki	10	1%



Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.		
Mjög sammála	362	44%
Frekar sammála	295	35%
Frekar ósammála	77	9%
Mjög ósammála	39	5%
Á ekki við/veit ekki	59	7%




Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér.		
Mjög sammála	555	64%
Frekar sammála	231	27%
Frekar ósammála	50	6%
Mjög ósammála	17	2%
Á ekki við/veit ekki	14	2%



Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.

Mjög sammála	365	44%
Frekar sammála	284	34%
Frekar ósammála	92	11%
Mjög ósammála	47	6%
Á ekki við/veit ekki	47	6%




Mér finnst hafa tekist vel að færa kennsluna í þessum áfanga í Teams.

Mjög sammála	391	47%
Frekar sammála	290	35%
Frekar ósammála	67	8%
Mjög ósammála	65	8%
Á ekki við/veit ekki	20	2%




Vinnuálag í áfanganum hefur aukist eftir að hann var færður í Teams.

Mjög sammála	139	17%
Frekar sammála	210	25%
Frekar ósammála	260	31%
Mjög ósammála	137	17%
Á ekki við/veit ekki	84	10%



Mér finnst betra að stunda námið í gegnum Teams en að vera í dagskóla.

Mjög sammála	203	24%
Frekar sammála	192	23%
Frekar ósammála	155	19%
Mjög ósammála	220	26%
Á ekki við/veit ekki	64	8%



Samanburður milli ára

Einn helsti tilgangur kennslumats er að bera saman mat nemenda milli anna eða ára. Hér á eftir eru skoðaðar nokkrar fullyrðingar úr matinu og þær bornar saman við niðurstöður tveggja síðustu haustanna. Meðaleinkunnir eru reiknaðar þannig að fullyrðing fær 4 stig ef nemandi er mjög sammála, 3 stig ef hann er frekar sammála, 2 stig ef hann er frekar ósammála og loks 1 stig ef hann er mjög ósammála. Þannig eru einkunnir háar ef margir nemendur eru sammála fullyrðingunum en lægri ef þeir eru ósammála. Þeir sem ekki taka afstöðu eru ekki með í þessum útreikningum.

Fyrst voru teknar saman þær spurningar þar sem nemandi leggur mat á áfangann. Fullyrðing um aðstöðu til náms og kennslubúnað var þó ein þeirra sem ekki var notuð nú í haust þar sem nemendur voru ekki í skólanum og aðstaðan í skólanum því ekki nýtt.

Leggðu mat á áfangann	Haust 18	Haust 19	Haust 20
Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður	3,6	3,5	-
Áfanginn er vel skipulagður	3,4	3,4	3,3
Ég er ánægð/ur með námsgögn áfangans þ.e. glærur, verkefni og þessháttar.	3,4	3,3	3,3
Meðaltal	3,5	3,4	3,3

Útkoman er svipuð og áður – aðeins lægri þegar spurt er um skipulag sem má hugsanlega skýra með að skipulag riðlaðist (að minnsta kosti um hríð) þegar áfangar voru fluttir á einni nóttu úr staðkennslu yfir í Teams.

Nemendur voru líka að venju beðnir um að meta kennsluna og viðmót kennara:

Leggðu mat á kennsluna í áfanganum	Haust 18	Haust 19	Haust 20
Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,6	3,6
Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	3,4	3,4	3,4
Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	3,7	3,4	3,3
Meðaltal	3,6	3,5	3,4

Hér er ánægjulegt að sjá að ánægja nemenda með viðmót kennara fær áfram góða einkunn. Leitt er hins vegar að einkunnin fyrir fullyrðinguna „Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum“ fer lækkandi, einkum frá matinu fyrir tveimur árum. Óskandi er þó að þetta sé aðeins tímabundið ástand, því með auknu símati í skólanum er mikilvægt að kennarar veiti vandað og vel ígrundað leiðsagnarmat.

Næstu fullyrðingar snúa að nemandanum sjálfum og námi hans í áfanganum.

Leggðu mat á nám þitt í áfanganum	Haust 18	Haust 19	Haust 20
Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans	3,6	3,2	3,1
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni í frekara námi, starfi eða einkalífi.	3,3	3,2	3,2
Meðaltal	3,5	3,2	3,2

Hér lækka stig fyrir fullyrðingu um hvort nemandinn sé undirbúinn í kennslustundir einkum frá 2018. Þetta má ef til vill skýra með meiri verkefnavinnu eða skilaskyldu í Teams eða óöryggi nemenda um hvort hann sé búinn að undirbúa sig nægjanlega þegar kennarinn er ekki á hliðarlínunni að kíkja yfir öxl hans í tímum.

Stig fyrir spurningu um hvort nemandi telji að námið muni gagnast sér í framtíðinni eru svipuð og fyrr. Hugleiða má hvort ekki þurfi að leita leiða til að auka skilning nemenda á að námið sé til að búa þau undir framtíðina og þau markmið sem þeir hafa sett sér.


Loks voru að þessu sinni þrjár fullyrðingar þar sem nemendum var ætlað að meta hvernig til hafi tekist með notkun samskiptaforritsins Teams á önninni.

Mér finnst hafa tekist vel að færa kennsluna í þessum áfanga í Teams.	3,2
Vinnuálag í áfanganum hefur aukist eftir að hann var færður í Teams.	2,5
Mér finnst betra að stunda námið í gegnum Teams en að vera í dagskóla.	2,5


Hér eru niðurstöður fremur ánægjulegar. Nemendum finnst samkvæmt þessu að nokkuð vel hafi tekist að færa kennsluna yfir í Teams (3,2). Einkunn 2,5 fyrir fullyrðingarnar um að vinnuálag hafi aukist og að betra sé að stunda námið í Teams en að vera í dagskóla segja okkur að nemendur skiptast jafnt í að vera með og á móti þessum staðhæfingum. Það gefur til kynna fjölbreytnina í nemendahópnum; sumum hentar að betur læra heima meðan aðrir kjósa staðnám. En þetta getur líka verið til marks um aðlögunarhæfni nemenda og það að vel hafi tekist til hjá kennurum á önninni.

Loks voru nemendur beðnir um að gefa kennara áfangans einkunn. Þær voru háar eins og sjá má á súluritinu hér fyrir neðan.

Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1 - 10?		
1	8	1%
2	7	1%
3	11	1%
4	20	2%
5	24	3%
6	41	5%
7	81	9%
8	166	19%
9	191	22%
10	320	37%



Hér eftir fer síðan samanburður á kennaraeinkunn milli þriggja síðustu haustanna:



Hér sést að þó að færri gefi einkunnina tíu að þessu sinni þá eru fleiri áttur og níur og því meðaleinkunn svipuð og áður og verður að teljast vel ásættanlegt, ekki síst í ljósi aðstæðna.

Lokaorð

Samkvæmt VII. kafla framhaldsskólalaga er öllum skólum gert að meta starf sitt með kerfisbundnum hætti. Kennslumatið er liður í því og hefur skólinn lagt metnað sinn í að framkvæma það á hverri önn, þó reyndar félli það niður nú á vorönn eins og áður hefur komið fram. Tilgangurinn er margþættur en helst má nefna:

- Kennarar fá endurgjöf á kennslu sína og geta nýtt sér hana til að þroskast í starfi og gera breytingar þar sem það á við.
- Stjórnendur fá upplýsingar um það sem er að gerast í kennslustofunni og geta nýtt þær upplýsingar til að styðja kennara og styrkja, grípa til aðgerða ef þarf en ekki síður til að hvetja og hrósa þar sem það á við.
- Nemendur fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og ef vel tekst til með úrvinnslu og úrbætur þá fá þeir á tilfinninguna að á þá sé hlustað.
- Ávinningur er fyrir alla starfsemi skólans að geta borið saman niðurstöður milli ára og fylgst þannig með þróun skólastarfsins í bráð og lengd.
- Í óvenjulegu ástandi eins og núna er kennslumat dýrmætt til að meta hvernig til tekst við að bregðast við aðstæðum og hvað má betur fara.

- Loks má geta þess að þessi samantekt er birt á heimasíðu skólans og er þar aðgengileg öllum þeim sem vilja fræðast um skólann og það starf sem hér fer fram. Einnig er gagnlegt fyrir kennara að skoða heildarniðurstöður í skýrslunni og bera saman við eigin niðurstöður.

18. desember 2020

Jóna Guðmundsdóttir

gæðastjóri